



Flóahreppur
Eydís Indriðadóttir
Þingborg
800 Selfoss

Reykjavík, 4. janúar 2019

Tilvísun: 5.1 / 20180092

Efni: Bitra þjónustumiðstöð og hótél, Flóahreppi - beiðni um umsögn

Gríma arkitektar ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttækin 3. janúar 2019, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Flóahreppur gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Flóahreppur telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 21. janúar 2019 og einnig á tölvupóstfang: jon@skipulag.is og jakob@skipulag.is.


Jón Þórir Þorvaldsson